

Mál nr. 201/2008

M

og

Vátryggingafélagið X v/kaskótryggingar bifreiðarinnar A

Umferðaróhapp er bifreið var ekið á girðingu þann 14.07. 2007, álitaefnið er hvort tjónsatvik megi rekja til stórkostlegs gáleysis ökumanns.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 06.10. 2008, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 20.10. 2008, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

Vátryggingafélagið telur að ökumaður A hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi við akstur bifreiðarinnar í íbúðarhverfi þar sem leyfður hámarkshraði er 30 km/klst. Vitni að akstrinum lýsi því þannig að A hafi verið ekið á miklum hraða þannig að ökumaður missti stjórn á bifreiðinni sem hafnaði á grindverki. Félagið hafnar bótaskyldu úr kaskótryggingu bifreiðarinnar með vísan til gr. 3.2. í skilmálum.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. röksemdafærslu hans í málskotinu.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum verður að telja að rekja megi tjónsatburð máls þessa til stórkostlegs gáleysis ökumanns bifreiðarinnar. Í gr. 3.2. í skilmálum kemur fram að “hafi vátryggður valdið því af stórkoslegu gáleysi að vátryggingaratburður varð eða afleiðingar hans urðu meiri en ella hefði orðið má lækka eða fella niður ábyrgð félagsins sbr. 2. mgr. 27. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004...” sbr. nánar ákvæðið.

Samkvæmt framburði ökumannsins sjálfs fyrir lögreglu viðurkenndi hann að hann hafi tekið upp á því að spóla í hringi með þeim afleiðingum að hann hafnaði á grindverki. Athygli vekur að ökumaðurinn ók síðan á brott af vettvangi.

Í því tilviki sem hér um ræðir er ábyrgð félagsins ekki fyrir hendi vegna stórkostlegs gáleysis ökumanns bifreiðarinnar.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 11. nóvember 2008

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.